

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Stóruvöllum að Hlíðarenda í Bárðardal í Þingeyjarsveit.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar
Rannsóknarskýrslur 2024/2



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Hlíðskógar í Bárðardal, mynd er tekin í norður.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2024/2

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	7
HEIMILDASKRÁ.....	8

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð. Framkvæmdasvæðið er frá Stóruvöllum að Hlíðarenda í Bárðardal í Þingeyjarsveit en áform eru uppi um að leggja rafmagnsstrenginn sumarið 2024.

Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Rarik útvegaði. Ekki hafði farið fram nein fornleifaskráning áður á svæðinu en til var skýrsla þar sem búið var að taka saman allar skriflegar heimildir um menningarminjar í Bárðardal.

Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í byrjun júní 2024.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 3291.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur

annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁵

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁶

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Minjastofnunnar.

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, niðurhalsgögn frá Landmælingum Íslands og túnakort frá Þjóðskjalasafni Íslands. Einnig voru mjög gagnlegar upplýsingarnar í skýrslunni „Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal, svæðisskráning“⁷ þar sem búið var að taka saman ritaðar heimildir um svæðið. Til viðbótar þessum upplýsingum gáfu heimamenn góðar upplýsingar um svæðið og menningarminjar á því.

Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskonun þar sem framkvæmdasvæðið var skoðað. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með trimble gps tæki, ljósmyndaðar og mældar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með gervihnattamynd frá kortavefsjá Landmælinga Íslands.

4. Fornleifaskráning

Stóruvellir:

Fornleifanúmer: 3291-01

Hnit: 570759.9 558119.8 ISN93

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Stóruvalla segir: „Mórin frá Selinu heitir Selmór, allmikið stykki. Á honum er klettur sem heitir Dís.“⁸ Búið er að afmarka örnefnið Selmór í örnefnasjá Landmælinga Íslands í túni austan við eyðibýlið Grund.⁹ Ekki sást nein ummerki um mótekju þar sem framkvæmdasvæði Rariks nær yfir á þessum slóðum.

Fornleifanúmer: 3291-02 Hnit: 570499.9 558626.3 ISN93

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Stóruvalla segir: „Milli Kofastykkis og Enghólsstykkis er lækur, sem heitir Tjaldlækur. Dregur hann nafn af því, að við hann var heimasti tjaldstaðurinn, þegar legið var við heyskap.“¹⁰ Búið er að afmarka Tjaldlæk í örnefnasjá Landmælinga Íslands í skurði á milli túna á landamerkjum Stóruvalla og Hlíðskógs ofan þjóðvegur.¹¹

Hlíðskógar:

Fornleifanúmer: 3291-03

Hnit: 570174.9 559533.4 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Hlíðskóga segir: „Innan túngirðingarinnar er hár hryggur, sem er framburður og heitir Stórugrófarleiti.“¹² Búið er að afmarka tún sem heitir Stórugrófarleiti í örnefnasjá

⁷ Hildur og Sædis, 2001, bls. 118-170.

⁸ Örnefnaskrá Stóruvalla, bls. 2.

⁹ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

¹⁰ Örnefnaskrá Stóruvalla, bls. 1-2.

¹¹ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

¹² Örnefnaskrá Hlíðskóga, bls. 3.

Landmælinga Íslands og er það þriðja túnið suður af útihúsunum á Hlíðskógum eða í kringum 360 m suður af útihúsunum.¹³ Engin ummerki um eldri mannvirki á staðnum.

Fornleifanúmer: 3291-04

Hnit: 570133.6 559678.3 ISN93

Hlutverk: Mógafir

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Hlíðskóga segir: „Ofan við Lágabakka heitir Mór; þar er nú nýrækt.“¹⁴

Búið er að afmarka tún sem heitir Mór í örnefnasjá Landmælinga Íslands og er það annað túnið í suður af útihúsunum á Hlíðskógum eða í kringum 210 m suður af útihúsunum.¹⁵ Engin ummerki í sléttu túni.

Fornleifanúmer: 3291-05

Hnit: 570110.8 560026.5 ISN93

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í jarðarbók Árna Manússonar og Páls Vídalíns segir: „Hlyðskogar og Sexhólstader heita tvö eyðibýli hjer í landinu sem sýnilegum byggingaleifum tófta og girðinga. Þessar jarðir meinast að hafi af fallið í stóru plágunni. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskaparleysi, en þó er túnstæði nokkuð á Hlíðskógum.“¹⁶ Í lýsingu Þingeyjarsýslu segir: „Sagnir herma, að þarna hafi verið fornþýli, sem fór í eyði í Svartadauða. Beitarhús voru þar á síðari öldum og allt fram á þessa öld.“¹⁷ Í örnefnaskrá Hlíðskóga segir: „Nafnið Hlíðskógar er gamalt nafn, og talið er, að hér hafi verið búið til forna. En hvergi finnast þó staðfesting þess, önnur en gömul garðbrot og öskuleifar. Beitarhús voru hér fyrrum frá Stóruvöllum. Jörðin var byggð á ný úr Stóruvallalandi 1926 sem nýbýli og hlaut þetta nafn, en svo höfðu beitarhúsin verið nefnd lengur en elztu menn mundu.“¹⁸ Núna standa þarna íbúðarhús byggt 1984 og frístundahús byggt 1926¹⁹ á þeim slóðum sem framkvæmdasvæði Raríks liggur er ekki hægt að sjá neinar leifar af eldri mannvirkjum.

Sandhaugar:

Ekki fundust neinar fornleifar eða heimildir um fornleifar innan eða nærri framkvæmdasvæði Raríks á Sandhaugum, heimildarmaður kannaðist heldur ekki við að svo væri.²⁰

Hlíðarendi:

Fornleifanúmer: 3291-06

Hnit: 568780.5 566803.1 ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Í örnefnaskrá Hlíðarenda segir: „Austur af Hraungarðsenda er Geitagerðistjörn. Norður af henni er Geitagerði, gömul beitarhús fyrir neðan skóginn. Segja munnmæli, að þar hafi verið býli, sem hét Hnjúkakot.“²¹ Geitagerði er í skránni friðlýstar fornleifar en þar segir: „Gamla

¹³ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

¹⁴ Örnefnaskrá Hlíðskóga, bls. 4.

¹⁵ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

¹⁶ Árna Magnússon og Páll Vídalíns 11 bindi, bls.139.

¹⁷ Jón Sigurðsson, 1954, bls. 215.

¹⁸ Örnefnaskrá Hlíðskóga, bls. 1.

¹⁹ Vefuppfletti fasteignarskrár.

²⁰ Ingvar Vagnsson, munnleg heimild.

²¹ Örnefnaskrá Hlíðarenda, bls. 6.

girðingar og tóftir, þar sem heitir Geitagerði.²² Í árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1898 segir: „Þar er nú tvísett fjárhús með heyhlöðu og heygarði og er kringlótt girðing hér umhverfis. Þessi staður er á láglendinu rétt undir fjallshlíðinni; undirlendi er hér mikið, 7-800 álnir að breidd niður að Fljótinu, og er sjást þar víða gamlar girðingar og tóftir, er næsta örðugt að greina garða og girðingar frá náttúrulegum mishæðum., því að hér er jarðvegur allur kominn í móa með þúfum og lautum.“²³ Tóftirnar af Geitagerði og fleiri tóftir tengdar þeim liggja upp við fjallshlíðina og eru töluvert fjarri framkvæmdasvæðinu. Það er þó vörslugarður sem tengist Geitagerði sem liggur frá fjallshlíðinni og niður að Skjálfafljóti um 220 m suður af húsunum á Hlíðarenda. Samkvæmt heimildarmanni sést vörslugarðurinn helst með því að standa á fjallinu og horfa niður.²⁴ Það var þó hægt að greina smá upphækkun á staðnum og var garðurinn mældur frá því að hann var fyrst sýnilegur vestan við þjóðveginn og þangað til hann rofnaði í fyrsta skipti. Þar var lengd garðsins um 37 m, hæð 0,3-0,6 m og breidd 2-2,4 m.



Mynd 1. Vörslugarður sem liggur út frá Geitagerði, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3291-07

Hnit: 568714.8 566948.4 ISN93

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Hlíðarenda segir: „Allt svæðið neðað við brekkur er nefnd Mór, og er það mikill hluti af landareigninni.“²⁵ Búið er að afmarka stykki sem heitir Mór í örnefnasjá Landmælinga Íslands allt frá landamerkjum við Sandhauga og endar um 250 m sunnan við útihúsin á Hlíðarenda.²⁶ Ekki var hægt að sjá ummerki um mótekju í óræktuðu landi þakið þúfum og kjarri á framkvæmdasvæði Raríks.

²² Skrá um friðlýstar fornlefiar, bls. 38.

²³ Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1898, bls. 75.

²⁴ Ingvar Vagnsson, munnleg heimild.

²⁵ Örnefnaskrá Hlíðarenda, bls. 2.

²⁶ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.



Nafn	Stóruvellir - Hlíðarendi	Dags.	24.06.2024 hj	Skýringar:
	ÞINGEYJARSVEIT	Mælikv.	1:30000 í A3	Fornleifar og heimildir um fornleifar innan framkvæmdasvæðis Raríks í Bárðardal.



BÚGARÐUR

RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI

Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is

Unnið eftir mynd nr. Myndkort, Ísland frá Landmælingar Íslands



BÚGARÐUR
RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI
Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is

Unnið eftir mynd nr. Myndkort, Ísland frá Landmælingar Íslands

5. Samantekt

Framkvæmdasvæði Rarik nær frá Stóruvöllum að Hlíðarenda í Bárðardal. Lagt var upp með það að forðast sem flesta minjastaði og á þessari leið voru sjö minjastaðir skráðir. Þar af voru sex þeirra aðeins til sem heimildir og eru ýmist í ræktuðum túnum eða í móum og ekki var hægt að sjá neinar leifar af þeim á þeim stöðum þar sem framkvæmdasvæði Rariks nær yfir. Eini staðurinn sem var sýnilegur var vörslugarðurinn sem er hluti af friðlýstum minjum Geitagerðis og friðhelgunarmörk friðlýstra minja er 100 m. Þrátt fyrir að garðurinn virðist enda um 30 m frá framkvæmdasvæði Rariks þá er framkvæmdasvæðið innan friðhelgunarsvæðis minjanna. Til þess að komast fram hjá helgunarsvæði minjanna þarf að fara fyrir neðan þjóðveginn og eru þá aðeins um 20 m frá rafmagnsstrengnum og að bökkum Skjálfandafljóts. Það er því best að finna hentugasta leiðina í samstarfi við Minjastofnun. Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að ekki hafi fundist fleiri heimildir eða menningarminjar á framkvæmdasvæðinu þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 26 júní 2024
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Árbók hins íslenska fornleifafélags. 1898. Fylgirit. Prentuð í Ísafoldaprentsmiðju. Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ljósavátnshreppur. Ellefta. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1988.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Þjóðskrá, vefuppfletti fasteignarskrár. Þjóðskrá. Sótt af <https://vefuppfletti.skra.is/leit>. Skoðað 06.06.2024.

Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal. Svæðisskráning. (2001). Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Jón Sigurðsson frá Yztafelli: (1954). Lýsing Þingeyjarsýslu II. Suður-Þingeyjarsýsla. Ritsafn Þingeyinga II. Reykjavík. Helgafell.

Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa 1990. Fornleifanefnd.

Landmælingar Íslands – Örnefnasjá. Sótt af <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>. Skoðað 06.06.2024

Heimildarmenn:

Garðar Jónsson, 1958, Stóruvöllum, Þingeyjarsveit.

Ingvar Vagnsson, 1941, Hlíðarenda, Þingeyjarsveit.

Snædís Róbertsdóttir, 1971, Hlíðskógar, Þingeyjarsveit.

Örnefnaskrár:

Hlíðarendi. Bárðdælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Ari Gíslason skráði. Samlesið J.H.

Hlíðarskógar. Bárðdælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Ari Gíslason skráði. Samlesið J.H.

Stóruvellir. Bárðdælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Ari Gíslason skráði. Samlesið J.H.